



Sérákvæði fyrir keppni í Bikejöring

1. Þátttökuskilyrði

1.1. Hundar yngri en 12 mánaða á fyrsta mótsdegi hafa ekki þátttökurétt í bikejöring keppnum.

2. Búnaður

2.1. Hundurinn skal vera bundinn við hjólið með línu sem tryggir öryggi kúsks og hunds. Teygja skal vera í línunni, má vera aðskilin. Ef línan er föst við kúskinn skal hún vera föst á belti sem er að minnsta kosti 7 sm breitt yfir hrygglínu.

2.2. Bremsur eiga að vera á báðum hjólum og vera í lagi.

2.3. Allir keppendur eiga að vera með löggildan hjálm. Mælt er með því að notaðir séu hanskar.

3. Ræsing, braut og endamark

3.1. Framdekk skal vera á startlínunni þangað til að kúskur hefur fengið ræsi-merki.

3.2. Það er bannað að hjóla á undan hundinum eða hundunum. Það er bannað að þvinga eða toga hundinn eða hundana áfram.

3.3. Ef að hundur slasast eða neitar að halda áfram skal liðið hætta keppni.

3.4. Í framúrakstri skal það lið sem fer hraðar og er að taka framúr kalla hátt og skýrt „braut“ eða „trail“, og skal þá það lið sem verið er að taka framúr víkja undantekningarlaust og hægja á sér ef þörf krefur til að framúrakstur gangi sem best og hraðast fyrir sig.

3.5. Keðjulaus reiðhjól flokkast sem scooter/hlaupahjól og gilda sömu keppnisreglur í þeirri grein og þegar keppt er á reiðhjólum.

3.6. Brautarmerkingar eru hefðbundnar að undanskyldum appelsínugulu veifunum sem merkja brautina. Þau eru ekki notuð heldur er brautinni lýst í almennri brautarlýsingu fyrir keppendum.

Sérákvæði fyrir keppni í Canicross

1. Búnaður

1.1. Hundurinn skal bundinn í belti sem er að minnsta kosti 7 sm breitt yfir hrygglínu. Línan skal tryggja öryggi kúsks og hunds. Teygja skal vera í línunni, má vera aðskilin.

2. Ræsing, braut og endamark

2.1. Hundur og kúskur skulu vera fyrir aftan ráslínu þangað til kúskur hefur fengið ræsi-merki.

2.2. Kúskur má ekki hlaupa á undan hundi, né þvinga hund áfram á nokkurn hátt.

2.3. Ef að hundur slasast eða neitar að halda áfram skal liðið hætta keppni.

2.4. Í framúrtöku skal það lið sem fer hraðar og er að taka framúr kalla hátt og skýrt „braut“ eða „trail“, og skal þá það lið sem verið er að taka framúr víkja undantekningarlaust.

2.5. Brautarmerkingar eru hefðbundnar að undanskyldum appelsínugulu veifunum sem merkja brautina. Þau eru ekki notuð heldur er brautinni lýst í almennri brautarlýsingu fyrir keppendum.